



54. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 28. ágúst, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

1. Atvinnumál.
2. Starfsmannamál.
3. Ágóðahlutagreiðsla Eignarhaldsfélags BÍ.
4. Aðalfundarboð fulltrúaráðs Eignarhaldsfélags BÍ.
5. Fundargerð Héraðsráðs Austur-Húnavetninga frá 19. ágúst sl.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. **Byggðakvóti.** *Bæjarstjóri greindi frá undirbúningi vegna umsóknar byggðakvóta og fundum með bátaeigendum/útgerðaraðilum á Blönduósi. Skv. reglugerð um byggðakvóta skal bæjarstjórn skila inn tillögum til sjávarútvegsráðuneytisins fyrir 15. október nk. Bæjarráð ítrekar mikilvægi úthlutunar byggðakvóta fyrir sveitarfélagið.*
2. Starfsmannamál.
 - a. **Drög að samningi um stuðning Blönduósbæjar við starfsmenn leikskólans Barnabæjar vegna leikskólakennaranáms við Háskólann á Akureyri.** *Í samningum er m.a. kveðið á um að námsmaður haldi launum þá daga sem hann stundar nám, þó að hámarki einu sinni í viku. Ekki er gert ráð fyrir að viðkomandi taki frí á launum til upplestrar fyrir próf. Bæjarráð samþykkir drögin og felur bæjarstjóra í samráði við leikskólastjóra að leggja samninginn fyrir næsta bæjarráðsfund. Ágúst Þór óskar eftir að fram komi að mikilvægt er að bæjarstjórn móti samræmda starfsmannastefnu og skilgreini með hvaða hætti stutt verði við bakið á starfsmönnum sveitarfélagsins sem hyggjast stunda nám meðfram vinnu. Vekur hann jafnframt athygli á því að ekki hafa verið lagðir fram ráðningarsamningar við sviðsstjóra til staðfestingar í bæjarráði.*
3. **Ágóðahlutagreiðsla Eignarhaldsfélags BÍ.**
Í bréfi frá félaginu kemur fram að stjórn EBÍ hefur ákveðið ágóðahlutagreiðslu til Blönduóssbæjar, 1,009% af 150 milljónum kr. ágóða EBÍ eða kr. 1.513.500,-
4. **Aðalfundarboð fulltrúaráðs Eignarhaldsfélags BÍ.**
Aðalfundur EBÍ verður haldinn hinn 3. október nk. á Hótel Kea Akureyri. Fulltrúi í EBÍ er bæjarstjóri og sækir hún fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
5. **Fundargerð Héraðsráðs Austur-Húnavetninga frá 19. ágúst sl.**
Lögð fram til kynningar.
6. Önnur mál.



- a. **Rekstur á réttarskúr við Skrapatungurétt.** *Lögð fram drög varðandi samkomulag milli Blönduóssbæjar og Skagabyggðar varðandi rekstur réttarskúrsins. Drögin sendist landbúnaðarnefnd til kynningar.*
- b. **Kynningarfundur með bæjarstjórn um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu.** *Fundurinn verður haldinn nk. þriðjudag, 2. september kl. 20 í fundarsal Samstöðu, Þverbraut 1. Guðrún Jónsdóttir, arkitekt mun kynna drög að svæðisskipulaginu sem hún hefur unnið ásamt framkvæmdaráði.*
- c. **Aðalfundur Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.** *Fundurinn verður haldinn í kvöld kl. 19 í Félagsheimilinu á Blönduósi. Valdimar Guðmannsson gerir það að tillögu sinni að formaður Félagsheimilisins, Jóhanna G. Jónasdóttir fari með atkvæði fyrir hönd sveitarfélagsins á aðalfundinum. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum. Ágúst Þór greiðir atkvæði gegn tillögunni og óskar eftir svohljóðandi bókun: “Undirritaður lýsir yfir mikilli óánægju með að einum fulltrúa sé falið að fara með atkvæðisrétt á aðalfundi Félagsheimilisins ehf. Það er réttara og eðlilegra að þeim kjörnu fulltrúum úr bæjarstjórn sem mæta til fundarins fari með atkvæðisréttinn. Undirritaður óskar eftir því að fá túlkun félagsmálaráðuneytisins á þessari ákvörðun bæjarráðs.” Ágúst Þór Bragason, D-lista.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:00.

Hjördís Blöndal (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)